

## FUNDARGERÐ

**Nefnd:** Starfsmatsnefnd  
**Efni:** *Starfsmatsnefndarfundur 6. janúar 2009 45. fundur*  
**Fundardagur:** 06/01/2009  
**Tími:** 09:00 - 11:45  
**Fundarstaður:** Bárubúð Ráðhúsi Reykjavíkur

---

45. fundur starfsmatsnefndar haldin í Bárubúð Ráðhúsi Reykjavíkur  
Þriðjudaginn 6. janúar 2009 og hófst hann kl. 9.00.

Mætt af hálfu stéttarfélaganna: Halldór Gunnarsson (StRv), Ragnar Ólason (Eflingu).  
Mætt af hálfu Rvk: Árni Ragnar Stefánsson, Emma Árnadóttir og Kristín Þóra Harðardóttir.  
Starfsmenn Starfsmats: Ingi Geir Hreinsson og Laufey Jónsdóttir.

Fyrir tekin voru mál no:

### **I. Áður framlögð endurmatsbeiðni:**

2008 -13 MSR6100umsjónamaður skóla. Endurmat á starfi samtals: 420 stig.  
**Afgreiðsla samþykkt.**

### **II. Önnur mál.**

Rædd var bókun í nýgerðum kjarasamningum sem snúa að starfsmatinu, en þar kemur fram að gera þurfi átak í kynningu og fræðslu til starfsmanna á starfsmati og einnig þurfi að móta reglur um kerfisbundna endurskoðun á þeim störfum sem fyrst voru metin í starfsmati og hafa ekki farið í endurmat frá þeim tíma.

Gert er ráð fyrir að vinnu við þessa tvo liði í bókuninni verði lokið um mánaðarmótin jan /feb og þá verði farið í að skipuleggja kynningarfundir fyrir starfsmenn borgarinnar.

Annað var ekki á dagskrá fundi slitið kl. 11.15.

Næsti fundur starfsmatsnefndar er þriðjudaginn 20. janúar kl. 9.00.

Ath: Niðurstöður Starfsmatsnefndar á mati starfa eru sendar til launadeildar og starfsmannastjóra viðkomandi sviða og birtar á heimasíðu Reykjavíkurborgar við fyrsta tækifæri.